

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhóls götu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 19. febrúar 2019

1902009SA VÓHS  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur birt til umsagnar á Samráðsgátt stjórnarráðsins drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða. Reglugerðardrögin koma í kjölfar áskorunar frá Umboðsmanni barna til Samgöngustofu og ráðuneytisins um að nýta heimild í lögum um farþega og farmflutninga á landi nr. 28/2017, nánar tiltekið ákvæði 2. mgr. 12. gr. þar sem ráðherra er heimilt að gera sérkröfur vegna bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabifreiða.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur tilefni til þess að vekja athygli ráðuneytisins á að sambandið, sem sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu hefur hvorki séð né fengið afrit af áskorun umboðsmanns barna, þrátt fyrir að sveitarfélög beri ábyrgð á skipulagi skólaaksturs og standa straum af kostnaðinum, sbr. 22. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum. Sambandið getur því ekki lagt mat á hvort reglugerðardrögin fullnægi markmiðum sínum gagnvart erindi Umboðsmanns barna, né lagt mat á það á hvaða forsendum breytingarnar eru gerðar.

Þá hefur ekki farið fram sérstakt mat á áhrifum reglugerðarinnar á fjárhag sveitarfélaga, sem ráðuneytinu er skylt að framkvæma með vísan til 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þá sérstaklega vegna ákvæða í 4. og 6. gr. regnanna sem verður rakið síðar í þessari umsögn.

### **Um efni fyrirhugaðrar reglugerðar**

Í drögum að reglugerð um sérkröfur til skólabifreiða koma m.a. fram kröfur um þriggja punkta öryggisbelti, upphækkunarsessur, sjúkrakassa og slökkvibúnað. Þá er gerð sú krafa að bifreið sem notuð er til flutnings skólabarna gangist árlega undir aðalskoðun, jafnvel þó um fólksbifreið sé að ræða. Krafa um leyfisskoðun skólabifreiða helst óbreytt og skal hún fara fram árlega líkt og aðrar leyfisskoðanir.

Þá er gert ráð fyrir að reglurnar felli úr gildi reglur um merki á skólabifreiðum nr. 279/1989 með síðari breytingum. Samkvæmt drögunum er einnig gerð krafa um að skólabifreið sé ekki skráð fyrir standandi farþega. Slíkar bifreiðar eru þannig útilokaðar frá notkun sem skólabifreiðar, þrátt fyrir þá staðreynd að mörg börn ferðast með strætó í skóla, auk þess sem slíkar bifreiðar eru notaðar á skólaferðalögum, sundkennslu o.fl. Er það álit sambandsins að reglugerðin taki þá ekki til slíkra fólksflutninga.

### **Ábendingar sambandsins við drög að reglugerð**

#### **a. Ósamræmi á milli reglugerða**

Í 2. gr. draga að reglugerð um sérkröfur til skólabifreiða er fjallað um gildissvið reglugerðarinnar þar sem segir:

*Með skólaakstri í reglum þessum er átt við skipulagðan akstur milli heimilis og grunnskóla, sem og akstur á skólatíma sem tengist hvers kyns skóla- eða frístundastarfi og er á vegum skóla, íþrótta- eða sveitarfélags.*

Það ber hins vegar að athuga að akstur á íþróttaæfingar að skóladegi loknum getur verið á vegum íþróttafélaga og þá ekki skipulagður af viðkomandi grunnskóla. Slíkur akstur getur ekki flokkast undir skólaakstur samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Í reglugerðardrögum er skólaakstri ætlað að ná með mun víðtækari hætti utan um hvers kyns akstur innan sveitarfélags með börn á skólaskyldualdri. Að áliti sambandsins er það ekki í samræmi við reglugerð um skólaakstur, nr. 656/2009, með síðari breytingum, sem sett er á grundvelli ákvæðis 22. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Í reglugerð um skólaakstur segir eftirfarandi:

*Reglur þessar taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla. Reglurnar gilda einnig um akstur nemenda í sérgreinakenndu sem fram fer utan skólalóðar eftir því sem við á.*

*Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla þar sem þess er þörf til að tryggja jafnan aðgang nemenda að grunnskólanámi. Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili eða annar staður þar sem barnið hefur fasta búsetu.*

Gæta þarf að samræmi á milli reglugerða og ekki ganga lengra í reglugerðardrögum um sérkröfur til skólabifreiða. Að áliti sambandsins hefði verið skynsamlegra að endurskoða reglugerð um skólaakstur samhliða, en sambandið hefur um langa hríd óskað eftir því við ráðuneyti menntamála að reglugerðin verði endurskoðuð.

#### **b. Krafa um merkingar**

Í 4. gr. reglugerðarinnar eru gerðar kröfur um að bifreið til skólaaksturs skuli útbúin sérstökum merkjum sem sýna notkun. Þannig skulu skólabifreiðar vera útbúnar „rauðgulum blikkandi ljósum og skal blikktíðni vera að lágmarki 60 leiftur á mínútu.“ Sambandinu hefur borist ábending frá SBA Norðurleið sem hefur tekið að sér skólaakstur fyrir sveitarfélög, þar sem efi er um að kröfurnar í 4. gr. reglugerðarinnar samræmist Evrópureglugerðum. Að áliti sambandsins er tilefni til þess að ráðuneytið kanni hvort kröfurnar samræmist Evrópureglugerðum um gerð og útbúnað skólabifreiða áður en lengra er haldið með vinnslu málsins og að reglurnar séu ekki meira íþyngjandi en málefnaleg sjónarmið standa til.

#### **Kostnaðarmat og framlög Jöfnunarsjóðs**

Auknar kröfur eru gerðar til sveitarfélaga samkvæmt reglugerðardrögum um búnað skólabifreiða, sérstaklega með vísan til 4. og 6. gr. Samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, segir að ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Það hefur ekki verið gert.

Árið 2018 námu framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli samtals 575 milljónum króna. Þá námu viðbótarframlög til sveitarfélaga vegna skólaaksturs 170 milljónum króna. Þessi framlög vegna skólaaksturs til sveitarfélaga skipta miklu máli í grunnskólarekstri margra sveitarfélaga, enda ber sveitarfélögum skylda til þess að tryggja jafnt aðgengi nemenda að námi, hvar

sem þeir eru á landinu. Ef kostnaður vegna skólaaksturs eykst, sem fyrirséð er að hann muni gera verði reglugerðardrögin staðfest óbreytt, eru líkur á að framlög vegna skólaaksturs munu aukast. Ef framlög Jöfnunarsjóðs vegna skólaaksturs myndu hækka þá hefði það áhrif til lækkunar á önnur framlög frá Jöfnunarsjóði því ekkert bendir til þess að nýtt fjármagn muni fylgja reglunum. Í því samhengi er ekki hægt að líta framhjá því að kostnaðurinn muni þá falla á sveitarfélögin.


#### Lokaorð

Sambandið telur að öryggi barna í umferðinni eigi ætíð að vera í fyrirrúmi en að mörgu þurfi hins vegar að hyggja. Mikilvægt er að vanda hvers kyns laga- og reglusetningu og að gætt sé að samræmi á milli réttarheimilda. Sambandið beinir þeirri áskorun til ráðuneytis samgöngumála að það kalli eftir því að reglugerð um skólaakstur, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið, verði endurskoðuð samhliða fyrirhuguðum breytingum um sérkröfur til skólabifreiða þannig að samræmi verði tryggt. Þá áréttar sambandið að ekki nægi að virkja ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga um farþega og farmflutninga án þess að mat verði lagt á kostnaðaráhrif gagnvart sveitarfélögunum.

Að öllu framangreindu virtu, getur sambandið ekki stutt það að reglugerðardrögin nái fram að ganga óbreytt og vonast til þess að litið verði til athugasemda sem fram hafa komið í umsögn þessari. Sambandið lýsir vilja til þess að funda með ráðuneytinu til þess að fylgja eftir þeim athugasemdum við reglugerðardrögin sem raktar eru í umsögn þessari.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri